



Íslandspóstur ohf.

Framhaldsúttekt á rekstri og fjárhagsstöðu

Ríkisendurskoðun



Skýrsla til Alþingis í júlí 2020

Efnisyfirlit

Helstu niðurstöður	3
1 Inngangur.....	5
2 Rekstur og fjárhagsstaða árið 2019	6
3 Skylda til að veita alþjónustu	8
3.1 Forkönnun til undirbúnings þjónustusamningi	8
3.2 Útnefning á alþjónustuveitanda	8
3.3 Samráð við hagsmunaaðila.....	11
4 Aðgerðir til að bæta rekstur	13
4.1 Afgreiðslugjald á erlendar sendingar.....	13
4.2 Fækkun stöðugilda og starfsstöðva og aðrar hagræðingaraðgerðir	13
4.3 Sala dótturfyrirtækja	15
4.4 Hlutabótaleiðin.....	15
4.5 Rafræn miðlun skráningarupplýsinga um sendingar.....	15
4.6 Fjölþóstur og samþætting dreifikerfa.....	15
4.7 Útgáfa frímerkja	16
4.8 Lækkun vaxtakostnaðar	16
5 Áætlanir um rekstur og fjárhagsstöðu á árinu 2020	17
5.1 Afnáam einkaréttar til dreifingar bréfpósts	17
5.2 Áhrif COVID-19 faraldursins á rekstur fyrirtækisins	17
5.3 Rekstrarhorfur félagsins út árið 2020	18
6 Horfur um rekstur og fjárhagsstöðu	20
Töfluviðauki	22


Helstu niðurstöður

Stjórn og nýtt stjórnendateymi Íslandspóstshf. hafa unnið gott starf við að hagræða og endurskipuleggja í rekstri fyrirtækisins. Tekist hefur að hagræða í starfsmannahaldi og draga saman húsnæði án þess að það hafi komið niður á þjónustu. Stöðugildum í júnímánuði fækkaði um 24,8% á milli 2019 og 2020.

Brýnt er að stjórnvöld ákvarði sem fyrst fyrirkomulag alþjónustu til framtíðar, einkum hvað varðar ramma þess framlags sem alþjónustuveitanda ber úr ríkissjóði vegna alþjónustubyrði. Þrátt fyrir þann mikla ávinning sem leiðir af hagræðingaraðgerðum og endurskipulagningu Íslandspóstshf. verða framtíðarhorfur um rekstur og fjárhagsstöðu fyrirtækisins háðar óvissu þar til yfirstandandi vinna á vegum Póst- og fjarskiptastofnunar um fyrirkomulag alþjónustu hefur verið leidd til lykta.

Til að fyrirbyggja að fyrirtækið lendi mögulega í greiðsluferfiðleikum síðar á árinu telur Ríkisendurskoðun að endurmeta þurfi sérstaklega fjárförf Íslandspóstshf. vegna alþjónustubyrði á árinu 2020. Varúðarframlag að fjárhæð 250 m.kr. sem greitt var til Íslandspóstshf. úr ríkissjóði í byrjun árs var ákvarðað sem hluti af bráðabirgðaráðstöfun, án þess að sameiginlegur skilningur væri milli stjórnvalda og fyrirtækisins um kostnaðarforsendur. Á sama tíma var það mat fyrirtækisins að það gæti ekki uppfyllt lögbundnar skyldur sínar nema gegn mun herra framlagi.

COVID-19 faraldurinn hefur haft neikvæð áhrif á rekstur Íslandspóstshf. á þessu ári, einkum vegna fækkunar og tafa í sendingum erlendis frá og aukins kostnaðar vegna þeirra. Á sama tíma hefur innlend póstverslun tekið vaxtarkipp en sú aukning hefur ekki náð að vega upp samdráttinn í erlendum sendingum. Tekjufall fyrirtækisins vegna COVID-19 á árinu 2020 gæti numið allt að 500 m.kr. Ríkisendurskoðun telur að eigandi Íslandspóstshf. þurfi að fylgjast náið með rekstrarhorfum félagsins með það fyrir augum að mögulega grípa til sértækra ráðstafana á árinu til að tryggja rekstur þess.



Einn helsti óvissupátturinn í kjarnastarfsemi Íslandspóstis ohf. er þróun bréfasendinga. Stöðugur samdráttur hefur verið í slíkum sendingum á undanförunum árum. Tekjur af pósthurðargjöldum vegna hefðbundinna bréfasendinga undir 50 g að þyngd námu um 2,2 ma.kr. á árinu 2019 og eru bréf því enn stór tekjuliður hjá Íslandspósti ohf. Miðað við þróun síðustu ára er viðbúið að annað hvort þurfi að endurskoða gjaldskrá eða hagræða enn frekar til að mæta áskorunum við alþjónustuskyldur.

1 Inngangur


Í júní 2019 gaf Ríkisendurskoðun út skýrslu um rekstur og fjárhagsstöðu Íslandspóstis ohf. Skýrslan var unnin að beiðni fjárlaganefndar Alþingis sem óskað hafði eftir því að ríkisendurskoðandi gerði úttekt á tilteknum fjárhagslegum þáttum í starfsemi félagsins. Tilfni úttektarbeiðninnar má rekja til þess að stjórn Íslandspóstis ohf. leitaði um mitt ár 2018 til fjármála- og efnahagsráðuneytis, sem fer með eignarforsvar ríkisins gagnvart félaginu, um aðstoð til að mæta fyrirsjáanlegum greiðsluvanda. Samhliða útgáfu skýrslu Ríkisendurskoðunar var ákveðið að ráðast í framhaldsúttekt á Íslandspósti ohf. þegar rekstrarniðurstaða ársins 2019 lægi fyrir og fyrirsjáanlegt væri í hvaða átt reksturinn á árinu 2020 stefndi.

Í þessari skýrslu er fyrst fjallað um rekstur og fjárhagsstöðu Íslandspóstis ohf. á árinu 2019 og alþjónustuskyldur fyrirtækisins eftir gildistöku nýrra póstlaga frá og með 1. janúar 2020. Fjallað er sérstaklega um aðgerðir sem eigandi og stjórn félagsins hafa gripið til í því skyni að bæta rekstur og fjárhagsstöðu þess og því næst vikið að rekstraráætlunum og væntanlegri rekstrarniðurstöðu ársins 2020. Loks er fjallað um hvaða ályktanir megji draga um rekstrarhæfi félagsins út frá núverandi stöðu og aðgerðum sem gripið hefur verið til.

2 Rekstur og fjárhagsstaða árið 2019

Á árinu 2019 var 510,8 m.kr. rekstrarhalli á Íslandspósti ohf. en árið 2018 nam hallinn 292,7 m.kr. Rekstrartekjur félagsins lækkuðu lítillega á milli ára eða um 10,9 m.kr. en rekstrargjöld drógust hins vegar saman um 226,1 m.kr. Rekstrarafkoma fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) óx að sama skapi úr 50,4 m.kr. í 265,7 m.kr. á milli ára sem verður að teljast mjög jákvæð þróun.

Skýringarmynd 2.1



Heimild: Ársreikningar Íslandspósts ohf.

Magn hefðbundinna bréfasendinga, þ.e. bréfa undir 50 g að þyngd sem félagið hafði einkarétt á að dreifa til loka ársins 2019, hefur minnkað jafnt og þétt á undanförunum árum. Samdrættinum var jafnan mætt með hækkun á gjaldskrá að fengnu samþykki Póst- og fjarskiptastofnunar. Tekjur af starfseminni hafa engu að síður dregist saman og gera stjórn og stjórnendateymi Íslandspósts ohf. ekki ráð fyrir öðru en að sú þróun haldi áfram enda drifin áfram af tæknibreytingum.

Á undanförunum árum hefur erlend netverslun farið ört vaxandi, sem birtist í fjölgun pakka-sendinga hingað til lands en einnig hefur innlend netverslun verið að taka við sér þótt umfang hennar sé enn ekki mikið. Þetta hefur þýtt auknar tekjur fyrir Íslandspóst ohf. enda stór hluti pakkasendinga sem fer um dreifikerfi félagsins og dreifikerfi erlendra samstarfsaðila.

Tvennt hefur hins vegar skapað félaginu erfiðleika í þessu sambandi. Annars vegar hefur dreifikerfi bréfa og pakka verið aðgreint í þéttbýli með tilheyrandi skorti á æskilegri samnýtingu, en Íslandspóstur hefur þó undanfarið unnið að nauðsynlegum úrbótum á þessu sviði. Hins vegar hafa tekjur af endastöðvagjöldum, sem greidd eru fyrir dreifingu í viðtökulandi, ekki dugað til að standa undir kostnaði við dreifinguna. Nettóáhrifin af breytingum í mynstri sendinga eru að tekjur félagsins hafa verið að dragast saman.

Til að mæta minni tekjum hafa stjórn og stjórnendateymi Íslandspósts ohf. leitast við að lækka kostnað. Launakostnaður félagsins lækkaði á milli áráanna 2018 og 2019 um 294,7 m.kr. eða 5,4%, þrátt fyrir

12,3%

fækkun
ársverka milli
ára

kjarasamningsbundnar launahækkningar undanfarin misseri. Hafa ber hugfast að hluti launakostnaðar á árinu 2019 er talinn sem kostnaður vegna endurskipulagningar sem sýndur er í sér línu í rekstrarreikningi þess árs (sjá töfluviðauka). Fækkun ársverka hjá félaginu úr 822 í 721 (12,3%) á milli ára þýðir lægri launakostnað þótt lækkunin skili sér ekki að fullu fyrr en á árinu 2020 vegna kostnaðar við starfslok.

5,4%

lækkun
launakostnaðar
árið 2019

Ástæður meiri taprekstrar á árinu 2019 þrátt fyrir bættu afkomu rekstrarliða eru einkum tvær. Annars vegar hækkuðu gjaldfærðar afskriftir fastafjármuna um 245,5 m.kr. og vega þar þungt fjárfestingar félagsins á undanförunum árum. Hins vegar var afkoma fjármagnsliða 247,8 m.kr. lakari en árið áður, einkum vegna meiri vaxtakostnaðar og minni gengishagnaðar. Gengismunur í rekstri félagsins stafar af erlendum viðskiptakröfum og viðskiptaskuldum en hvernig hann þróast frá ári til árs ræðst af gengisþróun, fjárhæðum gengisbundinna eigna og skulda og samsetningu þeirra eftir gjaldmiðlum.

Í árslok 2019 námu skuldir félagsins alls 3.879,5 m.kr. en þær voru 4.112,7 m.kr. í árslok 2018. Breytt reikningsskilaaðferð í ársreikningi 2019 gerir það að verkum að þessar fjárhæðir eru ekki fyllilega sambærilegar þar sem húsaleiguskuldbinding að fjárhæð 651,7 m.kr. er talin með skuldum árið 2019. Sé húsaleiguskuldbindingunni sleppt til að fá nákvæmari samanburð á milli ára, sést að skuldir félagsins lækkuðu um 885,0 m.kr. á milli ára eða um ríflega fimmtung (21,5%).

21,5%

reiknuð lækkun
skulda milli ára

Eigandi félagsins, ríkissjóður, lagði félaginu til 1.500 m.kr. til hlutafjárukningar á árinu 2019 sem rann til þess að lækka skuldir félagsins og bæta eiginfjárstöðu þess. Í árslok 2019 nam eigið fé Íslandspósts ohf. þannig 3.202,7 m.kr. Eiginfjárlutfallið var 45,2% samanborið við 35,2% árið áður. Niðurgreiddar langtímaskuldir Íslandspósts ohf. nema ríflega þeirri hlutafjárukningu sem eigandi félagsins lagði félaginu til. Samkvæmt upplýsingum Íslandspósts standa vaxtaberandi skuldir félagsins í um 1.900 m.kr. þegar þessi skýrsla er gerð í júlí 2020.

3 Skylda til að veita alþjónustu

Með gildistöku laga um pósthjónustu nr. 98/2019 frá og með 1. janúar 2020 féll niður einkaréttur Íslandspóstshf. á dreifingu bréfa undir 50 g að þyngd. Í 11. gr. laganna er fjallað um val á þjónustuveitanda sem skylt er að veita alþjónustu en þar getur ráðherra valið á milli þriggja mismunandi leiða. Í fyrsta lagi getur ráðherra ákveðið að gera samning við fyrirtæki með almenna heimild til að sinna alþjónustuskyldum. Í öðru lagi getur ráðherra ákveðið að fela Póst- og fjarskiptastofnun að útnefna fyrirtæki með alþjónustuskyldur. Í þriðja lagi getur ráðherra ákveðið að bjóða þjónustuna út. Í 2. mgr. 11. gr. laganna kemur fram að við val á þjónustuveitanda skuli viðhafa opið, gagnsætt og hlutlægt ferli þar sem gætt er jafnræðis. Skyldu til veitingar alþjónustu má afmarka við tiltekna landshluta, pósthúmer og/eða tiltekna þætti pósthjónustu.

3.1 Forkönnun til undirbúnings þjónustusamningi

Á síðari hluta ársins 2019 hófst samtal á milli samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins og Íslandspóstshf. til að afla upplýsinga, meta stöðuna og eftir atvikum kanna möguleikann á að gera þjónustusamning um veitingu alþjónustu til eins eða tveggja ára eftir gildistöku nýrra póstlaga. Vegna óvissu um ýmis atriði og ólíkra sjónarmiða aðila um kostnaðarforsendur og útreikning á framlagi ríkisins taldi ráðuneytið ástæðu til að endurmeta hvaða aðferð yrði beitt við val á alþjónustuveitanda eða alþjónustuveitendum og hverfa að svo komnu máli frá áformum um að gera þjónustusamning. Á þeim tímapunkti hafði Íslandspóstur ohf. lagt fram og leitast við að rökstyðja með gögnum að kostnaður vegna alþjónustubyrði félagsins gæti numið 490 m.kr. á árinu 2020 og þá einungis miðað við kostnað við innlendan hluta alþjónustu. Í þessu sambandi studdist félagið við rauntölur úr rekstri ársins 2018. Af þeim gögnum sem Ríkisendurskoðun hefur aflað við gerð þessarar skýrslu verður ekki annað ráðið en að stjórn og stjórnendur Íslandspóstshf. hafi talið útreikninga sína gefa raunsanna mynd af áætlaðri alþjónustubyrði og að ákvörðun ráðuneytisins hafi komið þeim á óvart.

Til að eyða óvissu um framkvæmd hinna nýju póstlaga og tryggja alþjónustu í pósti frá og með gildistöku þeirra mat ráðuneytið stöðuna þannig að nauðsynlegt væri að fara útnefningarleiðina. Í því sambandi vísaði ráðuneytið m.a. til þess að ríki Evrópu, að Þýskalandi undanskildu, fóru öll þá leið að útnefna alþjónustuveitanda við afnám einkaréttar í pósti.

3.2 Útnefning á alþjónustuveitanda

Með bréfi dags. 11. nóvember 2019 ákvað ráðuneytið að fela Póst- og fjarskiptastofnun að útnefna alþjónustuveitanda frá og með 1. janúar 2020. Við útnefningarleiðina taldi ráðuneytið mikilvægt að taka tillit til þess að verið væri að smíða nýja reglugerð um alþjónustu. Gera mætti ráð fyrir að í reglugerðinni yrðu sett ákvæði sem kynnu að draga úr kostnaði alþjónustuveitanda af þjónustunni, og þar með kostnaði ríkissjóðs. Með hliðsjón af þessu væri ekki æskilegt að ríkið væri bundið af orðalagi í útnefningunni, sem færi gegn hinni nýju reglugerð. Umrædd reglugerð nr. 400 um alþjónustu og framkvæmd pósthjónustu var sett þann 16. apríl 2020 og tók þegar gildi.

Í bréfi ráðuneytisins til Póst- og fjarskiptastofnunar leggur ráðuneytið til, ef mögulegt væri, að stofnunin myndi ákvarða „varúðarframlag“ til handa mögulegum alþjónustuveitanda sem kæmi til útborgunar á árinu 2020, ef stofnunin myndi meta það svo að slíkt væri nauðsynlegt til að tryggja alþjónustu um land allt. Endanlegt uppgjör færi fram þegar viðeigandi rekstrar- og bókhaldsgögn lægju fyrir. Póst- og fjarskiptastofnun barst í framhaldinu annað bréf frá ráðuneytinu dags. 27. nóvember 2019, en þar kemur fram að ráðuneytið hafi ákveðið að umrætt varúðarframlag gæti numið allt að 250 m.kr. og að það yrði mögulegt að greiða það út í byrjun árs 2020.

Póst- og fjarskiptastofnun mat aðstæður þannig í ljósi þess hversu skammur tími var til stefnu að nauðsynlegt væri að taka bráðabirgðaákvörðun. Tilkynnti stofnunin Íslandspósti ohf. með bréfi dags. 26. nóvember 2019 að hún hygðist taka bráðabirgðaákvörðun fyrir lok ársins þar sem Íslandspósti ohf. yrði falið að sinna þeirri þjónustu sem fellur undir alþjónustu, sem og skuldbindingum útnefnds alþjónustuveitanda í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands. Var það mat Póst- og fjarskiptastofnunar að þá væri enginn annar aðili sem gæti tekist á hendur þessarar skuldbindingar með svo skömmum fyrirvara. Jafnframt var tilkynnt að Póst- og fjarskiptastofnun færi í opið og gagnsætt ferli á árinu 2020 skv. 2. mgr. 11. gr. laga nr. 98/2019, þar sem tekin yrði ákvörðun um hvernig þeim skyldum sem falla undir alþjónustu yrði fyrir komið til næstu framtíðar. Bréfinu fylgdu drög að bráðabirgðaákvörðun stofnunarinnar og gafst Íslandspósti ohf. kostur á að koma með athugasemdir og ábendingar fyrir 6. desember 2019.

Athugasemdir Íslandspóstis ohf. bárust Póst- og fjarskiptastofnun með bréfi dags. 5. desember 2019. Þar reifar fyrirtækið þá erfiðleika og óvissu sem einkenna rekstrarumhverfi þess og þær hagræðingaraðgerðir og skipulagsbreytingar sem fyrirtækið hafði á þeim tíma ráðist í, m.a. vegna nýs lagaumhverfis. Fram kom að tekjuflæði fyrirtækisins, sem skýrðist af ytri breytingum og viðbrögðum fyrirtækisins við þeim, krefðist þess að varúðarframlag að fjárhæð kr. 490 m.kr. yrði greitt fyrirtækinu í heild sinni eða að mestu leyti svo fljótt sem auðið væri. Fyrirtækið hefði ekki að svo stöddu borð fyrir báru til að fjármagna sjálft hreinan kostnað af alþjónustuveitingu.

Þann 11. desember 2019 tók Póst- og fjarskiptastofnun [ákvörðun nr. 29/2019](#) og fól þar með Íslandspósti ohf. að sinna þjónustu sem fellur undir alþjónustu sem og alþjóðlegum skuldbindingum Íslands. Ákvörðunin gildir þar til málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 11. gr. laga um pósthjónustu nr. 98/2019 hefur farið fram en þó ekki lengur en til 31. desember 2020. Jafnframt var ákveðið að Íslandspósti ohf. skyldu greiddar 250 m.kr. í varúðarframlag til að standa undir kostnaði við þjónustuna á árinu 2020 en gerður var fyrirvari um endurgreiðslu mismunar ef alþjónustubyrði yrði metin til lægri fjárhæðar. Var fjárhæðin öll greidd til Íslandspóstis ohf. í janúar 2020.

Ákvörðun nr. 29/2019 skilgreinir þá þjónustu sem Íslandspóstur ohf. skuli inna af hendi í samræmi við ákvæði 9. gr. laga um pósthjónustu, sem fjallar um inntak alþjónustu. Undir alþjónustu fellur dreifing, innan lands og á milli landa, á bréfum allt að 2 kg, pökkum allt að 10 kg innanlands og allt að 20 kg milli landa, sendingum fyrir blinda og sjónskerta allt að 2 kg og ábyrgðarsendingum og tryggðum sendingum. Miða skal við að dreifing póstsendinga undir

alþjónustu fari fram tvo daga í viku til einstaklinga með fasta búsetu og lögaðila með fasta atvinnustarfsemi í viðkomandi húsnæði. Tæming póstkassa sem falla undir alþjónustu skal vera a.m.k. tvisvar í viku.

Í ákvörðuninni er jafnframt áréttað að gjaldskrá Íslandspóstshf. skuli taka mið af þeim reglum sem fram koma í 17. gr. laga um pósthjónustu. Þar kemur m.a. fram að gjaldskrá fyrir alþjónustu skuli vera sú sama um allt land. Í frumvarpi samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra var aðeins gert ráð fyrir samræmdri smásölugjaldskrá fyrir bréf allt að 50 g innan alþjónustu. Með vísan til jafnræðis og byggðasjónarmiða taldi meirihluti umhverfis- og samgöngunefndar rétt að gjaldskrá fyrir alla þjónustu innan alþjónustu væri sú sama um allt land. Ekki lá þá fyrir hvaða viðbótarkostnaður fælist í þessari breytingu en stjórn Íslandspóstshf. telur að hann gæti legið á bilinu 100-200 m.kr. Í ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar er þess getið að allt bendi til þess að þessi kvöð muni hafa fjárhagslegar afleiðingar fyrir Íslandspóstshf., sem eðlilegt er að ríkið beri kostnaðinn af. Erfitt væri hins vegar að segja nákvæmlega til um hversu miklar hinar fjárhagslegu afleiðingar myndu verða.

Varðandi kröfu Íslandspóstshf. um varúðarframlag að fjárhæð 490 m.kr. vísaði Póst- og fjarskiptastofnun til þess að stofnunin hygðist efna til samráðs við hagsmunaaðila um mögulegt fyrirkomulag alþjónustu í framtíðinni. Jafnframt myndi fara fram sjálfstæð greining á kostnaði vegna alþjónustubyrði. Engin staðfesting lægi fyrir um að þessi kostnaður myndi verða 490 m.kr. á árinu 2020. Taldi stofnunin rétt að taka fram að einungis yrði hægt að bæta tap vegna alþjónustubyrði sem teldist vera ósanngjörn byrði á fjárhag alþjónustuveitanda og félli til á árinu 2020. Varúðarframlagið væri innborgun upp í alþjónustubyrði á árinu 2020, en ekki lægi fyrir hver hún myndi verða endanlega.

Fram hefur komið af hálfu samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins að þegar varúðarframlagið var ákvarðað 250 m.kr. taldi ráðuneytið líklegt að fjárhæðin stæði nærri kostnaði vegna alþjónustu. Við upphaf samtals ráðuneytisins við Íslandspóstshf. hefði fyrirtækið lagt fram hærri tölur en þegar ákveðið var að fara útnefningarleiðina hefði fyrirtækið talið að alþjónustubyrðin gæti numið 490 m.kr. Íslandspósturshf. hefði ekki fengið loforð um hærri fjárhæð en sem næmi varúðarframlaginu en endanleg fjárhæð ætti eftir að koma í ljós samkvæmt þeim reglum sem gilda um útreikning alþjónustubyrði, sem alla jafna er greidd eftir á þegar raunupplýsingar úr rekstri liggja fyrir.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið hefur bent á að veiting alþjónustu ætti almennt ekki að vera vandamál fyrir Íslandspóstshf. þar sem fyrirtækið fær lögum samkvæmt endurgreiddan allan kostnað sem sannanlega fellur til vegna alþjónustunnar. Ráðuneytið telur því að fjárhagserfiðleikar Íslandspóstshf. séu ekki tilkomnir vegna alþjónustunnar og hefur bent á að óheimilt sé að nota alþjónustuframlag til að bæta úr öðrum rekstri fyrirtækisins. Ráðuneytið hefur jafnframt bent á að ákvörðun þess um greiðslu varúðarframlags til Íslandspóstshf. hafi verið tekin vegna erfiðrar fjárhagsstöðu fyrirtækisins. Upphæð framlagsins hafi verið í samræmi við skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands frá árinu 2017.

Í þessu sambandi telur Ríkisendurskoðun rétt að undirstrika að fjárhagsstaða Íslandspóstis ohf. er enn erfið, þrátt fyrir hið fyrirframgreidda varúðarframlag og þær skipulagsbreytingar og hagræðingaraðgerðir sem fyrirtækið hefur gripið til. Athygli vekur hversu mikið ber á milli ráðuneytis og Póst- og fjarskiptastofnunar annars vegar og Íslandspóstis ohf. hins vegar við mat á ætlaðri alþjónustubyrði á árinu 2020. Í ljósi allra aðstæðna telur Ríkisendurskoðun að tryggja þurfi að það bráðabirgðafyrirkomulag sem nú ríkir um alþjónustu á yfirstandandi ári sé brúað betur, m.a. með endurmati á varúðarframlaginu. Ástæða sé til að ætla að Íslandspóstur ohf. geti lent í greiðsluferfiðleikum áður en stjórnvöld hafa skapað nauðsynlega umgjörð um alþjónustuna og kostnaðarforsendur hennar til lengri framtíðar.

Þrátt fyrir þá staðreynd að alþjónustubyrði sé almennt metin fyrir liðið ár þegar allar upplýsingar liggja fyrir telur Ríkisendurskoðun að þær sérstöku aðstæður sem eru uppi við stjórnun þeirra breytinga sem orðið hafa á lögum um póstpjónustu og starfsumhverfi Íslandspóstis ohf. kalli mögulega eftir sértækum lausnum til að tryggja rekstur fyrirtækisins og um leið framkvæmd alþjónustu á yfirstandandi ári.

3.3 Samráð við hagsmunaaðila

Þann 12. júní 2020 birti Póst- og fjarskiptastofnun á vef sínum samráðsskjal vegna útnefningar alþjónustuveitanda í póstpjónustu. Um er að ræða upphaf þeirrar málsmeðferðar sem fjallað er um í 2. mgr. 11. gr. laga um póstpjónustu nr. 98/2019, sem kveður á um að við val á þjónustuveitanda skuli viðhafa opið, gagnsætt og hlutlægt ferli þar sem gætt er jafnræðis. Með ferlinu er það einnig ætlun Póst- og fjarskiptastofnunar að skoða hvort póstmarkaðurinn í heild sé að koma til móts við sanngjarnar kröfur notenda um þjónustu um land allt.

Í samráðsskjalinu birtir stofnunin og kynnir fyrirætlanir sínar að því er viðkemur mögulegum alþjónustuskyldum sem stofnunin telur að þörf sé á hér á landi, möguleg lengd þeirra sem og hvaða póstreka eigi að útnefna, einn eða fleiri, sem alþjónustuveitanda. Vísað er til þess að Póst- og fjarskiptastofnun hafi áður tekið bráðabirgðaákvörðun um að fela Íslandspósti ohf. umræddar skyldur. Jafnframt er gerð grein fyrir þeim reglum sem í gildi eru varðandi útreikninga á kostnaði vegna alþjónustu og hvernig stofnunin hyggst beita þeim. Mögulegur kostnaður væntanlegs alþjónustuveitanda vegna útnefningarinnar verði hins vegar tekinn fyrir í sérstöku máli ef á reynir. Í samráðsskjalinu er einnig að finna útlistun á hvernig Póst- og fjarskiptastofnun hyggst hafa eftirlit með gjaldskrá væntanlegs alþjónustuveitanda. Gert er ráð fyrir að þessari málsmeðferð Póst- og fjarskiptastofnunar sem og ákvörðunartöku á grundvelli hennar verði lokið fyrir 31. desember 2020, en þá fellur bráðabirgðaákvörðun stofnunarinnar úr gildi.

Öllum hagsmunaaðilum er gefinn kostur á að koma með athugasemdir og/eða ábendingar um fyrirhugaða útnefningu stofnunarinnar, sem og þau sjónarmið sem stofnunin hyggst byggja útnefninguna á. Póst- og fjarskiptastofnun áréttar mikilvægi þess að hagsmunaaðilar láti sig málið varða, ekki síst í ljósi þess að gert er ráð fyrir að útnefningin komi til með að vera til 10 ára. Að einhverju leyti sé verið að setja ramma fyrir þá lágmarkspjónustu sem notendur munu eiga rétt á á næstu árum.

Upphaflega var þess óskað að umsagnir bærust Póst- og fjarskiptastofnun fyrir 10. júlí 2020 en þessi frestur var svo framlengdur til 7. ágúst 2020.

Frumniðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar er að Íslandspóstur ohf. sé það fyrirtæki sem sé hvað best til þess fallið að sinna þeim skyldum sem felast í alþjónustu hér á landi. Hins vegar er ekki sjálfgefið að niðurstaða þess ferlis sem nú stendur yfir leiði til þess að alþjónustuskyldan verði lögð á Íslandspóst ohf. Þar til ferlið er til lykta leitt um n.k. áramót mun ríkja ákveðin óvissa um framtíðarfyrirkomulag alþjónustu og nákvæmar kostnaðarforsendur við útreikning á alþjónustubyrði.

4 Aðgerðir til að bæta rekstur

Stjórn Íslandspóstis ohf. hefur, ýmist sjálf eða í samvinnu við eiganda félagsins, gripið til aðgerða sem eiga að skila fyrirtækinu auknum tekjum eða stuðla að því að lækka kostnað þess.

4.1 Afgreiðslugjald á erlendar sendingar

Á árinu 2019 breyttu stjórnvöld lögum um pósthjónustu og heimiluðu Íslandspósti ohf. að leggja sérstakt afgreiðslugjald á sendingar sem berast erlendis frá. Að mati fyrirtækisins var það grundvallaratriði að fá heimild stjórnvalda til þessarar gjaldtöku til að geta staðið undir kostnaði við ört vaxandi póstsendingar að utan. Reiknað var með að gjaldið skilaði félaginu 521 m.kr. á árinu 2020 en COVID-19 faraldurinn hefur sett strik í þá áætlun.

Gjaldið er 400 kr. fyrir sendingar frá Evrópulöndum og 600 kr. fyrir sendingar frá öðrum löndum. Gjaldið er komið til vegna þess að Íslandspóstur ohf. hefur litið svo á að tekjur vegna svokallaðra endastöðvagjalda sem bundin eru í samningum á vegum Alþjóðapóst sambandsins (UPU) hrökkvi ekki til að mæta kostnaði sem fellur til við innlenda dreifingu og afhendingu póstsendinga sem koma frá útlöndum. Fleiri aðildarlönd UPA hafa gagnrýnt núverandi fyrirkomulag varðandi ákvörðun gjaldanna og mun vinna vera hafin á vettvangi sambandsins sem miðar að því að koma málum í betra horf.

Rétt er að taka það fram að afgreiðslugjaldið kemur til viðbótar tollafgreiðslugjaldi sem Íslandspóstur ohf. hefur innheimt fyrir vinnu við gerð tollskýrsla vegna sendinga sem koma erlendis frá. Allar erlendar pakkasendingar eru nú tollafgreiddar hér á landi, óháð verðmæti, og tekur Íslandspóstur ohf. fast umsýslugjald fyrir hverja tollafgreiðslu sem rennur í heild til félagsins.

4.2 Fækkun stöðugilda og starfsstöðva og aðrar hagræðingaraðgerðir

Til að draga úr kostnaði hefur starfsstöðvum og stöðugildum innan Íslandspóstis ohf. verið fækkað. Fjöldi stöðugilda í júní 2020 nam 613,8 en 816,1 á sama tíma árið á undan, að frátöldu starfsfólki í starfslokum. Stöðugildum fækkaði þannig um 24,8% á þessu tímabili. Ekki er útilokað að frekari hagræðingaraðgerðir séu framundan. Fækkun stöðugilda hefur einkum verið á höfuðborgarsvæðinu í hópi stjórnenda og skrifstofufólks.

Skýringarmynd 4.1



Heimild: Ársreikningar Íslandspósts ohf.

Óháður aðili framkvæmir mánaðarlegar mannauðsmælingar, sem hafa skilað mjög jákvæðum niðurstöðum það sem af er árs 2020. Þá hefur komið í ljós að dregið hefur úr veikindafjarvistum. Stjórn og stjórnendateymi félagsins telja að þetta sé til marks um bættan vinnuanda. Þá stuðlar það að jákvæðum starfsanda að félagið skuli vera að innleiða margvíslegar nýjungar í þjónustu og vinnubrögðum.

Til þess að hagræðingaraðgerðir bitni ekki á þjónustu hefur skilvirkni í útkeyrslu verið aukin (s.s. með því að tilkynna móttakendum um að sendingar séu á leiðinni) og með fjölgun póstboxa og pakkaporta¹. Stefnir er að því að fjölga þjónustustöðum úr 60 í 120 með þessu móti. Að mati stjórnar eru ýmsir fleiri hagræðingarmöguleikar til staðar innan fyrirtækisins.

Ekki liggur fyrir nákvæmt mat á því hvaða sparnaði hagræðingaraðgerðir hafa skilað en mat stjórnar og stjórnenda Íslandspósts ohf. er að hann nemi á bilinu 900-1.000 m.kr. Þá á eftir að taka tillit til kostnaðarhækkana, s.s. vegna kjarasamninga.

Aukin tæknivæðing og sjálfsafgreiðsla hjá Íslandspósti ohf. í takt við það sem boðið er upp á víða erlendis leiðir til þess að störfum fækkar hjá fyrirtækinu. Fyrirtækið stefnir að því að þjónustan batni með aukinni sjálfsafgreiðslu, m.a. vegna þess að styttra verður á afgreiðslustaði og aðgengi viðskiptavina batnar, óháð opnunartíma.

Eftir stækkun póstmíðstöðvarinnar við Stórhöfða hafa dreifingamiðstöðvar verið sameinaðar þar á einum stað og er unnið að sölu eða leigu á því húsnæði sem losnaði við þá breytingu.

¹ Þau síðarnefndu eru sett upp í samvinnu við aðra aðila og gefa kost á sendingu og móttöku pakka. Til þessa hefur aðeins afhendingargeta þeirra verið nýtt en til stendur að virkja póstlagningargetu þeirra með haustinu 2020.

Með því telur fyrirtækið að réttlæta megi þá fjárfestingu sem ráðist var í við stækkun og endurnýjun póstmíðstöðvarinnar.

Höfuðstöðvar Íslandspósts ohf. voru fluttar úr leiguhúsnæði við Stórhöfða í annað og minna leiguhúsnæði við Höfðabakka. Annað sem gert var í hagræðingarskyni var að fækka í stjórnendahópi félagsins. Þá hefur auglýsingakostnaður verið dreginn saman. Loks hafa kaup á utanaðkomandi lögfræðipjónustu minnkað eftir að lögfræðingur var ráðinn til starfa.

4.3 Sala dótturfyrirtækja

Árið 2019 seldi Íslandspóstur ohf. tvö af dótturfélögum sínum en þá var mörkuð sú stefna að slíkur rekstur samræmdist ekki kjarnastarfsemi fyrirtækisins. Frakt flutningsmiðlun ehf. var seld í september og Gagnageymslan ehf. í nóvember. Félagið átti tvö dótturfélög í árslok 2019, prentþjónustufyrirtækið Samskipti ehf. og fasteignafélagið Trönur ehf. Samskipti ehf. var svo selt á fyrri hluta árs 2020 á meðan Trönur ehf. er sem stendur í sölumeðferð ásamt þeirri fasteign sem tilheyrir dótturfélaginu. Til viðbótar er ein fasteign Íslandspósts ohf. í sölumeðferð.

4.4 Hlutabótaleiðin

Íslandspóstur ohf. nýtti sér hlutabótaleiðina í einn mánuð en sú ráðstöfun sparaði fyrirtækinu um 25 m.kr. Hlutabótaleiðin var nýtt út frá því sjónarmiði að fyrirtækið gæti ekki leyft sér að vera með fólk í vinnu sem ekki hefði verkefni. Hefði að öðrum kosti þurft að grípa til fleiri uppsagna. Umrætt starfsfólk starfaði fyrst og fremst við vinnslu erlendra sendinga, sem drógust verulega saman vegna COVID-19.

Að mati forstjóra Íslandspósts ohf. var ákvörðun um að nýta hlutabótaleiðina eingöngu byggð á rekstrarlegum forsendum. Á sama tíma voru uppi þau sjónarmið innan stjórnar félagsins að nokkur vafi léki á um hvort þetta úrræði hefði verið hugsað fyrir fyrirtæki í opinberri eigu. Á endanum var ákveðið að fyrirtækið hætti að nýta sér úrræðið.

4.5 Rafræn miðlun skráningarupplýsinga um sendingar

Í uppsiglingu er verulega aukin skilvirkni við afgreiðslu erlendra sendinga hjá Íslandspósti ohf. með rafrænni miðlun skráningarupplýsinga um sendingar (EDIFACT-skeyti). Með þessu móti þarf ekki að skrá sendingarupplýsingar á móttökustað og auðveldara er að gera áætlanir um póstmagn þar sem upplýsingar berast á undan pökkum.

Nú þegar eru um 60% erlendra sendinga skráðar með þessum hætti og á hlutfallið eftir að hækka mikið á næstunni.

4.6 Fjölþóstur og samþætting dreifikerfa

Íslandspóstur ohf. hefur hætt dreifingu á ónafnmerktum fjölþósti á höfuðborgarsvæðinu og suðvestanlands enda telur fyrirtækið ekki lengur samlegð af dreifingu hans. Á meðan bréfberar báru reglulega út bréfpóst í flest hús gat það borgað sig að dreifa fjölþósti með öðrum pósti.

Eftir því sem bréfum fækkar heimsækja bréfberar færri hús við hvern póstútburð og því er ekki lengur hagkvæmt að gera sér ferð sérstaklega til að dreifa fjölpósti.

Þessi ákvörðun Íslandspóstshöfundar skapaði aukna afkastagetu í kerfum fyrirtækisins til að dreifa pökkum. Með þessu móti koma viðskiptavinir fyrirtækisins t.d. til með að geta nýtt sér snjallforrit Íslandspóstshöfundar til að panta ákveðinn tíma í heimkeyrslu. Þá er einnig hægt að nýta pósthjól betur í pakkaafhengingar og hefur fyrirtækið fjölgað rafdrifnum pósthjólum vegna þessa. Íslandspóstur ohf. hefur með þessu stigið stór skref í þá átt að samþætta dreifikerfi bréfa og pakka og telur raunhæft að kerfin renni saman á næstu mánuðum.

4.7 Útgáfa frímerkja

Samkvæmt eldri lögum um póstþjónustu hafði íslenska ríkið einkarétt á útgáfu frímerkja en með nýjum póstlögum nr. 98/2019 var sá einkaréttur afnuminn. Vegna mikils taps á frímerkjasölu Íslandspóstshöfundar undanfarin ár ákvað fyrirtækið að stöðva nýútgáfu frímerkja og þjónustu við frímerkjasafnara í árslok 2019. Íslandspóstur ohf. á lager af frímerkjum til að nota í starfsemi sinni á komandi árum. Einungis lítill hluti bréfa er í dag frímerktur og hafa aðrar lausnir gert það að verkum að nauðsyn frímerkja hefur farið minnkandi.

4.8 Lækkun vaxtakostnaðar

Ríkið lagði fyrirtækinu til 1.500 m.kr. í aukið hlutafé á árinu 2019. Með því móti skapaðist svigrúm til þess að greiða niður skuldir og lækka með því fjármagnskostnað.

5 Áætlanir um rekstur og fjárhagsstöðu á árinu 2020

Rekstraráætlun fyrir árið 2020 var unnin í nóvember 2019. Gert er ráð fyrir að rekstraráætlanir félagsins séu uppfærðar með reglulegum hætti svo þær endurspegli sem best raunveruleikann á hverjum tíma. Það hafði hins vegar ekki verið gert þegar þessi úttekt var unnin vegna þeirrar rekstraróvissu sem COVID-19 faraldurinn skapaði á fyrstu mánuðum ársins. Sú vinna er nú hafin að nýju. Fram hefur komið að stjórn félagsins telji sig almennt fá góðar samtímaupplýsingar um reksturinn.

5.1 Afnám einkaréttar til dreifingar bréfpósts

Eins og fram hefur komið var einkaréttur Íslandspósts ohf. á að dreifa bréfum undir 50 g að þyngd afduminn frá og með 1. janúar 2020. Í einkaréttinum fólst skylda til þess að dreifa bréfpósti um allt land, jafnt í þéttbýli og dreifbýli, á sama verði óháð kostnaði (alþjónusta). Fyrirtækinu var um leið ætlað að láta póstburðargjöld af einkaréttarstarfsemi standa undir kostnaði við hana.

Miklum samdrætti í bréfasendingum á undanförunum árum var mætt með hækkun póstburðargjalda og hagræðingaraðgerðum, s.s. fækkun útburðardaga. Sífelld erfiðara hefur reynst að láta tekjur af þessari starfsemi standa undir kostnaði.

Afnám einkaréttarins hefur enn sem komið er ekki leitt til meiri samkeppni við dreifingu bréfa, hvorki í dreifbýli né á þéttbýlli stöðum. Kostnaðarsamt er að reka dreifikerfi fyrir bréf og reynsla undanfarinna ára sýnir að um fallandi markað er að ræða.

5.2 Áhrif COVID-19 faraldursins á rekstur fyrirtækisins

COVID-19 faraldurinn hafði neikvæð áhrif á rekstur fyrirtækisins á fyrstu mánuðum ársins. Áhrifanna gætti fyrst og fremst í tekjufalli vegna fækkunar erlendra póstsendinga, sem aftur varð til þess að dreifa föstum kostnaði afbrigðilega á hverja sendingu.

Sendingum bæði til og frá landi fækkaði mikið á fyrri hluta ársins. Að því er varðar erlendar sendingar liggur ekki ljóst fyrir hvort um sé að ræða eiginlega fækkun sendinga til landsins vegna færri pantana eða hvort aðeins sé um að ræða hliðrun á sendingum vegna tafa í dreifileiðum, þannig að tekjur vegna þeirra eigi eftir að berast síðar. Gengið er út frá því að þessi áhrif séu tímabundin og að sendingum muni aftur fjölga þegar líður á árið.

Innlend netverslun (póstverslun) hefur á sama tíma tekið vaxtarkipp. Umsvifin þar vega þó ekki mikið til móts við erlenda netverslun og aukningin hefur ekki náð að vega upp tekjusamdráttinn í erlendum sendingum. Íslandspóstur ohf. hefur eftir föngum leitast við að nýta sér aukin tækifæri á þessu sviði.

5.3 Rekstrarhorfur félagsins út árið 2020

Rekstraráætlun fyrir árið 2020 gerir ráð fyrir 571 m.kr. lægri tekjum af burðargjöldum en reyndin varð árið á undan (sjá töflu 5.1). Tekjur af bréfum undir 50 g að þyngd dragast saman úr 2.213 m.kr. 2019 í 1.860 m.kr. árið 2020 eða um 16%. Í janúar 2020 tók Íslandspóstur ohf. ákvörðun um að hætta dreifingu á ónafnmerktum fjölpósti á suðvesturhorni landsins. Áætlað er að dreifing fjölpósts gefi af sér 157 m.kr. árið 2020, miðað við 329 m.kr. árið 2019.

Tafla 5.1 Tekjur af burðargjöldum

	Áætlun	Rauntölur	Breyting
Í m.kr.	2020	2019	
Bréf undir 50 g	1.860	2.213	-353
Önnur bréf	714	792	-77
Bréf samtals	2.574	3.005	-430
Blöð og tímarit	100	127	-27
Fjölpóstur	157	329	-172
Pakkar	1.406	1.361	45
Samdægursþjónusta	39	56	-16
Pakkar utanlands	289	264	25
Pakkar samtals	1.734	1.680	53
Birtingaþjónusta	19	15	4
Burðargjöld samtals	4.584	5.156	-571

Heimild: Íslandspóstur ohf.

Á móti tekjutapi vegna alþjónustu gerir rekstraráætlun Íslandspósts ohf. fyrir árið 2020 ráð fyrir að framlag úr ríkissjóði vegna alþjónustu sem veita skal á árinu nemi 490 m.kr. Ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 29/2019 gerir hins vegar ráð fyrir varúðarframlagi að fjárhæð 250 m.kr. Hærrí fjárhæðin endurspeglar mat Íslandspósts ohf. á þeim kostnaði sem eingöngu hlýst af að fullnægja kröfum sem gerðar eru um alþjónustu innanlands. Engar slíkar tekjur voru á árinu 2019 enda höfðu ný pósthjónustulög þá ekki tekið gildi.

Viðbótargjald á erlendar sendingar kom inn í kjölfar lagabreytinga um mitt ár 2019 og gaf þá 292 m.kr. en reiknað er með að það komi til með að skila 521 m.kr. skv. rekstraráætlun 2020.

Rekstraráætlun Íslandspósts ohf. fyrir árið 2020 gerði ráð fyrir að reksturinn yrði í járnnum. Gert var ráð fyrir að EBITDA yrði 8,2% af tekjum miðað við 3,4% árið 2019.

Nú er reiknað með að tekjufall á árinu vegna COVID-19 geti numið allt að 500 m.kr. en það gæti þó orðið lægra ef tekjur af sendingum skila sér síðar á árinu. Útlit er fyrir að bréfasendingum milli landa muni fækka verulega og einnig er verulegur samdráttur í erlendum pósttekjum sem gæti þó að einhverju leyti gengið til baka. Á móti koma tekjur af pökkum innanlands, en aukning vegna þeirra nam um 24% á tímabilinu janúar-maí miðað við sama tímabil árið 2019. Tvö stórhýsi á höfuðborgarsvæðinu sem áður hýstu dreifingarmiðstöðvar eru enn óseld og hefur þeim ekki verið ráðstafað til leigu.

Til að bregðast við tekjufallinu var ráðist í aðgerðir til að lækka kostnað fyrirtækisins. Störfum hefur fækkað enn frekar og starfshlutfall verið lækkað tímabundið. Stöðugildum fækkaði úr 816,1 í júní 2019 í 613,8 á sama tíma 2020 eða um 24,8%. Kostnaður vegna endurskipulagningar 2019 var 225 m.kr. en ekki er reiknað með slíkum kostnaði í áætlun 2020. Þessi kostnaður vegna endurskipulagningar var að mestu leyti launakostnaður. Á móti lækkuðum launakostnaði vegna hagræðingaraðgerða koma hækkanir vegna kjarasamninga. Þá eru áhrif af endurskipulagningu félagsins á árinu 2019 farin að skila sér í lægri kostnaði. Áframhaldandi tekjusamdráttur gæti hins vegar kallað á frekari hagræðingaraðgerðir á þessu ári.

Í ljósi ríkjandi óvissu telur Ríkisendurskoðun að eigandi Íslandspósts ohf. þurfi að fylgjast sérstaklega með rekstrarhorfum fyrirtækisins með það fyrir augum að grípa til sértækra ráðstafana innan ársins, ef þörf krefur, til að treysta rekstur félagsins vegna tekjufalls af völdum COVID-19. Ef þær tekjur sem fyrirtækið hefur orðið af á undanförunum mánuðum skila sér ekki í vaxandi mæli á síðari hluta ársins gæti slíkt haft áhrif á getu fyrirtækisins til að uppfylla mögulegar alþjónustuskyldur í framtíðinni.

6 Horfur um rekstur og fjárhagsstöðu

Of margir óvissuþættir eru til staðar til að hægt sé að leggja mat á horfur um rekstur og fjárhagsstöðu Íslandspóstis ohf. á komandi misserum. Einn helsti óvissuþátturinn í kjarnastarfsemi félagsins er þróun bréfasendinga sem eru enn stór tekjuliður þrátt fyrir stöðugan samdrátt undanfarinna ára. Íslandspóstur ohf. gerir ráð fyrir áframhaldandi samdrætti og þar með tekjumissi félagsins. Eins á eftir að koma í ljós hversu vel félagið getur lagað sig að breyttum aðstæðum og ekki síst hvaða ákvarðanir stjórnvöld munu taka á komandi misserum varðandi alþjónustuskyldur, kostnaðarforsendur þeirra og framlög úr ríkissjóði.

Það liggur að svo stöddu ekki fyrir hvaða tekjur Íslandspóstur ohf. muni hafa af því að sinna alþjónustuskyldum, hvorki á árinu 2020 né til framtíðar. Félagið hefur talið að framlag úr ríkissjóði þyrfti að vera nálægt 490 m.kr. á ári miðað við tiltekna forsendur um þjónustustig og póstmagn en varúðarframlag vegna 2020 var ákvarðað 250 m.kr og er því töluvert undir væntingum fyrirtækisins. Ríkisendurskoðun telur það óheppilegt fyrir rekstur Íslandspóstis ohf. hvað dregist hefur að setja tilhlýðilegan ramma um veitingu alþjónustu til framtíðar og skapa nauðsynlegan fyrirsjáanleika um kostnað við að uppfylla alþjónustuskyldur.

Til viðbótar ríkir óvissa um hvort og þá að hvaða marki COVID-19 faraldurinn gæti haft varanleg áhrif á starfsumhverfi Íslandspóstis ohf. Þau neikvæðu áhrif sem fram hafa komið á árinu felast m.a. í þeirri röskun sem varð á póstsamgöngum og bæði tekjutapi og kostnaðarauka sem henni fylgdi. Á móti hefur faraldurinn haft áhrif til aukningar á póstverslun, ekki síst innanlands.

Nýjar tekjur hafa að hluta vegið upp tekjutap vegna bréfasendinga. Viðbótargjald á sendingar frá útlöndum og meiri tekjur af tollafgreiðslugjaldi vegna breyttrar tollafgreiðslu hafa komið á móti tapi þar sem tekjur af endastöðvægjöldum hafa ekki staðið undir kostnaði Íslandspóstis ohf. við dreifingu erlendra sendinga.

Stjórn og stjórnendateymi Íslandspóstis ohf. hafa undanfarið ár gripið til ýmissa aðgerða til að treysta rekstrargrundvöll fyrirtækisins og skapa því sterkari stöðu til framtíðar. Hagrætt hefur verið með því að fækka starfsfólki og draga saman húsnæði, einkum á höfuðborgarsvæðinu. Áhrif þessara ráðstafana koma ekki að fullu fram fyrr en á þessu og næsta ári (2020-21).

Auknar afskriftir fastafjármuna eru m.a. vegna fjárfestinga sem ráðist var í á árunum 2017-18. Þessi kostnaður mun lækka samhliða sölu þeirra fasteigna sem losnuðu þegar öll starfsemi dreifingarmiðstöðva var flutt á Stórhöfða. Kostnaðaraðhald hefur verið hert hjá félaginu, m.a. varðandi auglýsingar og kynningarstarf. Nýfjárfestingar hafa verið stöðvaðar fyrir utan fjárfestingar í postboxum og tæknilausnum sem miða að því að auka og bæta þjónustu við viðskiptavinum Íslandspóstis ohf. Gera verður ráð fyrir að þegar frá líður þurfi að heimila auknar fjárfestingar vegna nauðsynlegrar endurnýjunar á ökutækjum og öðrum búnaði. Stjórnvöld lögðu félaginu til aukið hlutafé sem gerði því kleift að lækka skuldir og þar með vaxtakostnað.

Í kjölfar greiðsluvanda félagsins 2018 tók stjórn Íslandspósts ohf. aukið frumkvæði í sínar hendur og varð virkari en áður. Stjórnin hefur haldið þessari virkni áfram í gegnum það breytingaskeið sem félagið hefur verið að ganga í gegnum. Fram hefur komið að stjórnarmenn séu í góðu sambandi sín á milli, eru vel upplýstir og samstiga þegar kemur að ákvörðunum. Þá hafa stjórnarmenn lagt áherslu á að funda reglulega með fulltrúum þeirra ráðuneyta sem koma að málefnum félagsins.

Stjórn félagsins hefur markað þá stefnu að Íslandspóstur ohf. einbeiti sér að kjarnastarfsemi í stað þess að vera í ótengdri starfsemi, jafnvel í samkeppni við aðra aðila á markaði. Liður í þeirri stefnu hefur verið að selja dótturfélög Íslandspósts ohf. Ríkisendurskoðun telur að við mat á rekstrarhæfi félagsins hljóti að teljast jákvætt hversu stjórn Íslandspósts ohf. hefur tekið ákveðið á málum og stuðlað að breytingum á fyrirtækinu.

Aðgerðir Íslandspósts ohf. duga þó ekki einar sér til að skapa fyrirsjáanleika í rekstri fyrirtækisins. Í þessu sambandi skiptir mestu að núverandi fyrirkomulag alþjónustu styðst aðeins við bráðabirgðaákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar sem fellur að óbreyttu úr gildi um n.k. áramót. Ferli sem miðar að því að alþjónustuveitandi eða -veitendur verði útnefndir, hugsanlega til næstu 10 ára, hefur aðeins nýlega verið ýtt úr vör, eða þann 12. júní 2020. Póst- og fjarskiptastofnun gerir ráð fyrir að ákvörðun stofnunarinnar liggja fyrir undir lok þriðja ársfjórðungs 2020.

Til að fyrirbyggja að fyrirtækið lendi mögulega í greiðsluferfiðleikum síðar á árinu telur Ríkisendurskoðun að endurmeta þurfi sérstaklega fjárþörf Íslandspósts ohf. vegna alþjónustubyrði á árinu 2020. Horfa þurfi til þess að alþjónustuskyldur lögðust á Íslandspóst ohf. samkvæmt útnefningu á sama tíma og ný póstlög tóku gildi og fyrirtækið stóð í endurskipulagningu og umfangsmiklum hagræðingaraðgerðum. Vanda verður til allrar málsmeðferðar samkvæmt 2. mgr. 11. gr. póstlaga en á meðan það ferli stendur yfir telur Ríkisendurskoðun brýnt að skapaður sé sameiginlegur skilningur á kostnaðarforsendum þess bráðabirgðafyrirkomulags sem gilda mun til komandi áramóta svo bæði Íslandspóstur ohf. og eigandi þess geti gripið til nauðsynlegra aðgerða til að tryggja rekstur fyrirtækisins á árinu.

Töfluviðauki

Tafla 1 Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu ársins

Í þús. kr.	2015	2016	2017	2018	2019
Tekjur af pósthjónustu	6.409.494	7.081.452	7.472.188	6.711.999	6.351.205
Aðrar tekjur	1.190.602	1.442.666	1.722.224	2.016.865	1.393.885
Rekstrartekjur samtals	7.600.096	8.524.118	9.194.412	8.728.864	7.745.090
Laun og launatengd gjöld	4.418.722	4.949.626	5.420.566	5.640.625	5.145.400
Beinn kostnaður við póstdreifingu	1.458.086	1.357.370	1.323.186	1.240.337	1.361.103
Annar rekstrarkostnaður	1.354.987	1.491.377	1.691.735	1.776.921	747.778
Kostnaður v/endurskipulagningar					225.135
Rekstrargjöld samtals	7.231.795	7.798.373	8.435.487	8.657.883	7.479.416
Rekstrarafk. fyrir afskr., fjárm.liði og skatta (EBITDA)	368.301	725.745	758.925	70.981	265.674
Afskriftir fastafjármuna	395.753	395.963	407.778	414.541	646.253
Rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði og skatta (EBIT)	-27.452	329.782	351.147	-343.560	-380.579
Fjármunatekjur	26.124	37.636	32.282	174.382	33.834
Fjármagnsgjöld	-150.050	-233.621	-150.615	-195.599	-301.556
Gengismunur					7.290
Hrein fjármagnsgjöld	-123.926	-195.985	-118.333	-21.217	-260.432
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt	-151.378	133.797	232.814	-364.777	-641.011
Tekjuskattur	32.951	-13.116	-16.415	72.122	116.808
Tap af áframhaldandi starfsemi					-524.203
Aflögð starfsemi					13.381
Hagnaður (tap) ársins	-118.427	120.681	216.399	-292.655	-510.822

Heimild: Ársreikningar Íslandspóstis ohf.

Tafla 2 Efnahagsreikningur

Í þús. kr.	2015	2016	2017	2018	2019
Fastafjármunir	3.302.381	3.259.564	4.225.491	5.035.167	4.989.443
Veltufjármunir	1.937.697	2.110.707	1.440.912	1.314.902	2.092.794
Eignir	5.240.078	5.370.271	5.666.403	6.350.069	7.082.237
Langtímaskuldir	1.810.437	1.700.313	1.566.640	2.026.720	2.203.260
Skammtímaskuldir	1.234.476	1.356.362	1.569.768	2.086.009	1.676.244
Skuldir	3.044.913	3.056.675	3.136.408	4.112.729	3.879.504
Hlutafé	1.447.500	1.447.500	1.447.500	1.447.500	2.947.500
Lögbundinn varasjóður	351.378	357.343	367.927	367.927	367.927
Bundið eigið fé		13.093	32.335	21.681	30.011
Óráðstafað eigið fé	385.901	486.145	668.003	391.172	-142.705
Hlutdeild minnihluta	10.386	9.515	14.230	9.060	0
Eigið fé	2.195.165	2.313.596	2.529.995	2.237.340	3.202.733

Heimild: Ársreikningar Íslandspóstis ohf.



Ríkisendurskoðun
Bríetartúni 7 – 105 Reykjavík
Sími 448-8800
postur@rikisendurskodun.is – www.rikisendurskodun.is